

## SAMSTARFSSAMNINGUR

Akureyrbær kt. 410169-6229,  
og AkureyrarAkademían kt. 450914-1500  
gera með sér svofelldan samstarfssamning

### 1. gr. Markmið

Markmið samningsins er að styðja við starfsemi AkureyrarAkademíunnar og þróun þverfaglegs rannsóknna- og fræðaseturs á Akureyri.

Jafnframt er markmiðið að styðja við einstaklinga sem vinna að nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum með því að bjóða þeim upp á vinnuaðstöðu í húsnæði AkureyrarAkademíunnar.

### 2. gr. Hlutverk samningsaðila

Tengiliður Akureyrbærjar vegna samnings þessa er Akureyrarstofa. AkureyrarAkademían skuldbindur sig til að hafa til reiðu vinnuaðstöðu í húsakynnum sínum fyrir two einstaklinga á hverjum tíma. Starfsaðstöðunni fylgir skrifstofuhúsgögn, nettenging, aðgangur að prentara, sameiginlegri aðstöðu eins og fundaherbergi og eldhúsaðstöðu og helstu rekstrarvörum. Réttindi og skyldur einstaklinga eru í samræmi við þá samstarfssamninga sem AkureyrarAkademían gerir hverju sinni við aðra sem leigja vinnuaðstöðu hjá stofnuninni.

Gert er ráð fyrir að starfsaðstaðan verði auglýst laus til umsóknar til sex mánaða í senn fyrir einstaklinga sem vinna að verkefnum á svíði nýsköpunar eða frumkvöðlastarfs. Starfsaðstaðan er hugsuð sem styrkur til þeirra og verður án endurgjalds fyrir þá. Samningsaðilar munu auglýsa starfsaðstöðuna lausa til umsóknar og setja í sameiningu verklagsreglur um auglýsingar og hvernig verður staðið að vali á þeim einstaklingum sem fá aðstöðu hjá Akademíunni hverju sinni.

Samningsaðilar hafa með sér fastan samstarfsvettvang þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins og önnur atriði sem honum tengjast. Gert er ráð fyrir tveimur samráðsfundum á ári.

### 3. gr. Framlög og greiðslur

Framlög Akureyrbærjar til AkureyrarAkademíunnar á samningstímabilinu verða kr. 420.000 á ári auk árgjalds sem er kr. 2.000 á ári fyrir einn einstakling.

Samningsaðilar munu leggja mat á framlögin í lok fyrsta samningsárs með hliðsjón af þróun verðlagsvistölu og nýtingu.

Framlög Akureyrbærjar eru greidd í tveimur jöfnum greiðslum á hverju ári sem samningurinn nær til sbr. 7. gr. Fyrri greiðslan greiðist í maí ár hvert og sú seinni í byrjun desember eftir að forstöðumaður Akureyrarstofu hefur fengið í hendur skriflega samantekt stjórnar AkureyrarAkademíunnar um nýtingu á starfsaðstöðunni og faglega virkni. Leggja skal fram reikninga til að fá framlög greidd. Ef reikningar berast ekki á því ári sem þeir eiga að greiðast, fellur styrkur þess árs niður.

*Fjárveitingar eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði í fjárhagsáætlun hvers árs.*



#### 4. gr. Fjárhagslegar kröfur

Til að tryggja sem best nýtingu og meðferð fjármuna til þeirra verkefna sem í þessum samningi felast skal AkureyrarAkademíán m.a. taka mið af eftirfarandi:

- Tryggt skal að bókhald stofnunarinnar sé haldið lögum og reglum samkvæmt.
- Hjá stofnuninni skal starfa eða hún hafi aðgang að fagaðila sem hefur þekkingu og reynslu á sviði rekstrar, fjármálastjórnunar og bókhalds.

#### 5. gr. Upplýsingargjöf og kynning á Akureyrarstofu/Akureyrbær sem samstarfsaðila

Nafn og/eða ímyndarmerki Akureyrbærjar skal sjást í öllu kynningarefnni og auglýsingum sem ná til þess verkefnis sem samningurinn kveður á um.

#### 6. gr. Vanefndir

Verði ekki staðið við samninginn af hálfu AkureyrarAkademíunnar áskilur Akureyrbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn við verkefni samningsins og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt. Með sama hætti áskilur AkureyrarAkademíán sér rétt til að segja sig frá samningnum standi Akureyrbær ekki við skuldbindingar sínar.

#### 7. gr. Gildistími


Samningurinn gildir frá 1. maí 2024 til 1. maí 2027.


#### 8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Akureyri, 16. maí 2024

f.h. Akureyrbærjar  
  
Ásthildur Sturludóttir  
bæjarstjóri

Vottur  


f.h. AkureyrarAkademíunnar  
  
Aðalheiður Steingrímsdóttir  
framkvæmdastjóri

Vottur  


**Fylgiskjal með samstarfssamningi AkureyrarAkademíunnar og Akureyrbæjar dags. 16. maí. apríl 2024**

*Verlagsreglur um auglýsingu á vinnuaðstöðu skv. samningnum.*

1. AkureyrarAkademíán annast auglýsingu á vinnuaðstöðunni tvisvar sinnum á ári í nafni beggja samningsaðila. Auglýst er annars vegar í janúar/febrúar vegna fyrra úthlutunartímabils og hins vegar í júlí/ágúst vegna seinna tímabils. Umsóknarfrestur er að jafnaði þrjár vikur.. Leitast er við að auglýsa með hagkvæmum en áberandi hætti:
  - a. Auglýst er tvisvar við hvora úthlutun í staðbundnum miðlum.. Kostnaður skiptist jafnt milli samningsaðila.
  - b. Auglýst er á samfélagsmiðlum og með fréttum á heimasiðum. Hvor samningsaðila greiðir auglýsingar á sínum miðlum.
  - c. Í auglýsingu komi fram lýsing á vinnuaðstöðunni sem og þeim forsendum sem hafðar eru til hliðsjónar við val á umsækjendum sbr. 4. lið verlagsreglna.
2. Úthlutunartímabil eru tvö; frá 1. mars – 31. ágúst og 1. september – 28. febrúar.
  - a. Umsóknir um heil tímabil hafa að öðru jöfnu forgang en heimilt er að úthluta vinnuaðstöðu til skemmri tíma en sex mánaða.
  - b. AkureyrarAkademíán getur leigt vinnuaðstöðuna út tímabundið í almennri leigu ef ekki er eftirspurn eftir henni skv. forsendum samkomulagsins.
  - c. Hver umsækjandi getur að hámarki fengið úthlutað vinnuaðstöðu tvö tímabil í röð.
3. Í úthlutunarnefnd eru tveir fulltrúar frá AkureyrarAkademíunni og einn frá Akureyrarstofu. Nefndin er jafnframt samráðsvettvangur samningsaðila um hvaðeina sem ræða þarf í samstarfinu.
4. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið mið af eftirfarandi þáttum:
  - a. Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
  - b. Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
  - c. Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.
5. Umsóknir eru sendar til AkureyrarAkademíunnar á netfangið [akak@akak.is](mailto:akak@akak.is). Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir því verkefni sem ætlunin er að vinna að, sbr. 4. liður verlagsreglna, og veita upplýsingar um bakgrunn sinn og feril.
6. Umsækjendur gera samstarfssamning við AkureyrarAkademíuna og undirgangast þar með sömu skyldur og réttindi og aðrir sem leigja þar vinnuaðstöðu.

